

Tillögur forsætisnefndar að breytingum
Samþykkt á stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar
júní 2016

9. gr. hljómar svo:

9. gr.

Boðun borgarstjórnarfundar.

Forseti borgarstjórnar boðar til borgarstjórnarfundar.

Fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum að lágmarki tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða eigi síðar en sólarhring eftir að ósk þar um berst forseta borgarstjórnar. Fundarboð vegna aukafundar ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring áður en fundur hefst.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að borgarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð og gögn með rafrænum hætti.

9. gr. verður svohljóðandi:

9. gr.

Boðun borgarstjórnarfundar.

Borgarstjóri og forseti borgarstjórnar boða til borgarstjórnarfundar.

Fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum að lágmarki tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða eigi síðar en sólarhring eftir að ósk þar um berst forseta borgarstjórnar. Fundarboð vegna aukafundar ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring áður en fundur hefst.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að borgarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð og gögn með rafrænum hætti.

10. gr. hljómar svo:

10. gr.

Dagskrá borgarstjórnarfundar.

Forseti borgarstjórnar semur dagskrá borgarstjórnarfundar í samráði við borgarstjóra og forsætisnefnd og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá borgarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta borgarstjórnar og tveggja varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar, svo og kosningu eða ráðningu borgarstjóra.
2. Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda og ráða: forsætisnefndar, íþrótt- og tómstundaráðs, mannréttindaráðs, menningar- og ferðamálaráðs, skóla- og frístundaráðs, stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, umhverfis- og skipulagsráðs og velferðarráðs.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölulið hér að framan, og þarfnast staðfestingar borgarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar og forsætisnefnd, borgarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða borgarfulltrúi óskar eftir að verði tekin á dagskrá.

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna það forsætisnefnd skriflega í síðasta lagi fyrir kl. 11.00 á föstudegi fyrir borgarstjórnarfund.

10. gr. verður svohljóðandi:

10. gr.

Dagskrá borgarstjórnarfundar.

Forseti borgarstjórnar semur dagskrá borgarstjórnarfundar í samráði við borgarstjóra og forsætisnefnd og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá borgarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta borgarstjórnar og tveggja varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar, svo og kosningu eða ráðningu borgarstjóra.
2. Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda og ráða: forsætisnefndar, íþrótt- og tómstundaráðs, mannréttindaráðs, menningar- og ferðamálaráðs, skóla- og frístundaráðs, stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, umhverfis- og skipulagsráðs og velferðarráðs.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölulið hér að framan, og þarfnast staðfestingar borgarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar og forsætisnefnd, borgarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða borgarfulltrúi óskar eftir að verði tekin á dagskrá.

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna það forsætisnefnd skriflega í síðasta lagi fyrir kl. 11.00 á föstudegi fyrir borgarstjórnarfund.

Þegar óskað er eftir því að tillaga verði tekin á dagskrá skal senda hana forsætisnefnd ásamt heiti tillögunnar. Hið sama gildir um heiti umræðna.

Þegar óskað er eftir að kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar verði teknar á dagskrá, skal senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra sem lagt er til að taki sæti.

23. gr. hljómar svo:

23. gr.

Ræðutími.

Við umræðu um mál skv. 4. tölul. 2. mgr. 10. gr. má ræðutími vera allt að tuttugu mínútur. Ræðutími í seinni ræðum má vera allt að tíu mínútur. Hið sama gildir um ræður borgarstjóra. Við umræður um fundargerðir skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. umræður utan er ræðutími takmarkaður við tíu mínútur. Við umræður um mál sem tekin eru á dagskrá samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. og 2. mgr. 16. gr. og umræður utan dagskrár, ákveður forseti takmarkanir á ræðutíma.

Ræðutími borgarfulltrúa sem óskar eftir að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli má vera allt að einni mínútu. Forseti getur þó heimilað lengri ræðutíma við umræður um fundarsköp eða fundarstjórn forseta.

Forseta er heimilt að rýmka ræðutíma sé mál það umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma borgarfulltrúa ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun og aðalskipulag Reykjavíkurborgar skal ræðutími vera óbundinn.

23. gr. verður svohljóðandi:

23. gr.

Ræðutími.

Við umræðu um mál skv. 4. tölul. 2. mgr. 10. gr. má ræðutími í fyrstu ræðu vera allt að tuttugu mínútur. Ræðutími í seinni ræðum má vera allt að tíu mínútur. Hið sama gildir um ræður borgarstjóra. Við umræður um önnur mál, fundargerðir skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. og umræður utan dagskrá er ræðutími takmarkaður við tíu mínútur.

Ræðutími borgarfulltrúa sem óskar eftir að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli má vera allt að einni mínútu. Forseti getur þó heimilað lengri ræðutíma við umræður um fundarsköp eða fundarstjórn forseta.

Forseta er heimilt að rýmka ræðutíma sé mál það umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma borgarfulltrúa ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun og aðalskipulag Reykjavíkurborgar skal ræðutími vera óbundinn.

27. gr. hljómar svo:

27. gr.
Bókun.

Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn. Óheimilt er þó að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

27. gr. verður svohljóðandi:

27. gr.
Bókun.

Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn. Bókanir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

36. gr. hljómar svo:

36. gr.
Siðareglur og góðir starfshættir.

Borgarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem borgarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

36. gr. verður svohljóðandi:

36. gr.
Siðareglur og góðir starfshættir.

Borgarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem borgarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga og skrá fjárhagslega hagsmuni sína og trúnaðarstörf utan borgarstjórnar í samræmi við reglur.

48. gr. hljómar svo:

48. gr.
Heimild borgarráðs til fullnaðarákvörðunar og endurupptöku.

Borgarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, án staðfestingar borgarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli borgarráðsmanna eða við borgarstjóra um slíka afgreiðslu, ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði í sumarleyfi borgarstjórnar telst málið eigi til lykta leitt ef skemmri tími en tvær vikur eru til næsta reglulegs fundar borgarstjórnar, fyrir liggur ákvörðun um aukafund í borgarstjórn eða bókuð er krafa í borgarráði um aukafund í borgarstjórn. Borgarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

48. gr. verður svohljóðandi:

48. gr.
Heimild borgarráðs til fullnaðarákvörðunar og endurupptöku.

Borgarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, án staðfestingar borgarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli borgarráðsmanna eða við borgarstjóra um slíka afgreiðslu, ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði telst málið eigi til lykta leitt fyrir en það hefur hlotið staðfestingu á næsta reglulega fundi borgarstjórnar.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði í sumarleyfi borgarstjórnar telst málið eigi til lykta leitt ef skemmri tími en tvær vikur eru til næsta reglulegs fundar borgarstjórnar, fyrir liggur ákvörðun um aukafund í borgarstjórn eða bókuð er krafa í borgarráði um aukafund í borgarstjórn.

Borgarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

54. gr. hljómar svo:

54. gr.

Skýlt að sækja fundi – forföll – varamenn.

Nefndarmanni er skýlt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður hans sæti nema borgarstjórn ákveði að kjósa að nýju fulltrúa í nefndina. Þegar nefndarmaður forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Séu aðalmaður og varamaður báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til setu á þeim fundi.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

54. gr. verður svohljóðandi:

54. gr.

Skýlt að sækja fundi – forföll – varamenn.

Nefndarmanni er skýlt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli.

Ef bæði formaður og varaformaður eru forfallaðir á fundi skal kjósa úr hópi nefndarmanna sem sinnir formennsku það skiptið.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður hans sæti nema borgarstjórn ákveði að kjósa að nýju fulltrúa í nefndina. Þegar nefndarmaður forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Séu aðalmaður og varamaður báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til setu á þeim fundi.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

55. gr. hljómar svo:

55. gr.

Fundir fyrir luktum dyrum – opnir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum á nefndarfundum sem fram koma hjá einstökum nefndarmönnum eða öðrum sem fundinn sitja. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Nefndir borgarstjórnar geta ákveðið að efna til opinna funda með borgarbúum, íbúum einstakra hverfa, félögum eða hagsmunahópum öðrum þegar þær hafa til meðferðar mál sem eðlilegt þykir að fjalla um á þann hátt áður en þau eru afgreidd í viðkomandi nefnd. Fagråd sem kosin eru skv. B-lið 62. gr. skulu að jafnaði halda einn opinn fund árlega.

55. gr. verður svohljóðandi:

55. gr.

Fundir fyrir luktum dyrum – opnir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum á nefndarfundum sem fram koma hjá einstökum nefndarmönnum eða öðrum sem fundinn sitja. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Nefndir borgarstjórnar geta ákveðið að efna til opinna funda með borgarbúum, íbúum einstakra hverfa, félögum eða hagsmunahópum öðrum þegar þær hafa til meðferðar mál sem eðlilegt þykir að fjalla um á þann hátt áður en þau eru afgreidd í viðkomandi nefnd. Fagråd sem kosin eru skv. B-lið 62. gr. skulu að jafnaði halda einn opinn fund árlega.

Nefndum borgarstjórnar er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt móttakvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi sem sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Í samþykktina bætist ný grein sem verður 57. gr. og breytist númeraröð í samþykktinni til samræmis við það.

57. gr.

Bókun og fyrirspurnir.

Nefndarmenn í borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnnum eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er á fundinum eða stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem er á verksviði nefndarinnar.

Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

63. gr.

Kosning annarra nefnda.

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 62. gr. kýs hún eftirtaldar nefndir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs:**

1. Fimm menn í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm menn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sf. og fimm til vara. Formannskjör.

B. **Til fjögurra ára:**

1. Einn mann í almannavarnanefnd og tvo til vara.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
3. Þrjá menn í endurskoðunarnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
4. Fimm menn í heilbrigðisnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
5. Fimm menn í bílastæðanefnd og fimm til vara. Formannskjör.
6. Fimm menn í hvert hverfisráð og fimm til vara. Formannskjör.
7. Þrjá menn í innkauparáð og þrjá til vara. Formannskjör.
8. Þrjá menn í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og þrjá til vara.

C. **Kjörstjórnir:**

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum viðkomandi kosningalaga.

D. **Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:**

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

63. gr.

Kosning annarra nefnda.

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 62. gr. kýs hún eftirtaldar nefndir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs:**

1. Fimm menn í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm menn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sf. og fimm til vara. Formannskjör.

B. **Til fjögurra ára:**

1. Einn mann í almannavarnanefnd og tvo til vara.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
3. Þrjá menn í endurskoðunarnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
4. Fimm menn í heilbrigðisnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
5. Fimm menn í hvert hverfisráð og fimm til vara. Formannskjör.
6. Þrjá menn í innkauparáð og þrjá til vara. Formannskjör.
7. Þrjá menn í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og þrjá til vara.

C. **Kjörstjórnir:**

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum viðkomandi kosningalaga.

D. **Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:**

Nr. 715

8. júlí 2013

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstöðum samþykktum.